

Ed.

222. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans
til að gefa út þriðja flokk (seriu) bankavaxtabréfa.

Vér undirritaðir, sem kosnir höfum verið í nefnd til þess að ihuga ofangreint
frumvarp, höfum athugað það og séð að það er samhljóða lögunum um annan flokk

bankavaxtabréfanna með þeim breytingum, sem af því leiða að hér er um þriðja flokk nefndra bréfa að ræða, og finnum vér ekki ástæðu til að stinga upp á neinum breytingum við það.

Vér leyfum oss því hér með að leggja það til að hin háttvirta efri deild samþykki umrætt frumvarp óbreytt.

Alþingi 13. marz 1909.

Gunnar Olafsson,
formaður.

Eiríkur Briem,
skrifari og framsögum.

Ari Jónsson.